

Fundargerð skólaráð 8.apríl 2013

Mættir: Þórhildur Ýr, Sigga Sóley, Kristín Kristjánsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Gróa Erla Ragnvaldsdóttir, Íris Indriðadóttir og Ingibjörg Inga.

Nemendafulltrúar gátu ekki mætt annar vegna veikinda og hinn vegna anna.

Sigrún K. og Lilja Björg komust ekki á fund.

1. Mál- farið var yfir hvernig skólastarfið gengur og þá viðburði sem framundan eru:
 - Skíðaferð unglिंगadeila er áætluð 10. og 11. apríl og fara nemendur frá K-deild og V-deild saman í Bláfjöll
 - V-deild er að taka á móti 27 erlendum gestum í Nord- plus verkefni . Samstarfsfélagar eru frá Litháen og Danmörku. Heilmikill undirbúningur hefur verið fyrir þetta verkefni og allt að verða klárt fyrir móttökuna.
 - Lyngbrekkuballið verður haldið í Logalandi 17. apríl, það er eitt af verkefnum samstarfsskólanna á Vesturlandi. GBF tók að sér að undirbúa viðburðinn en hann átti að vera í höndum Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit. Af sérstökum ástæðum gáfu þeir undirbúning og framkvæmd frá sér. GBF tók við boltanum og er undirbúningur hafinn. Nemendaráð unglिंगadeilda sjá um hann ásamt kennurum.
 - Sundkennsla á Hvanneyri verður með öðrum hætti en verið hefur vegna þess að ekki er hægt að nýta Hreppslaug eins og verið hefur. Eina viku verður kennt í Borgarnesi og hina á Kleppjárnsreykjum. Þessi hálfí mánuður verður einnig nýttur til að fræða nemendur H-deildar um nærumhverfi sitt, farið verður á söfn og fleira skemmtilegt. Undirbúningur og hafin og áhugaverð dagskrá framundan.
 - Vordagar í öllum deildum eru í undirbúningi . Deildarstjórar munu senda út viðburðadagatöl til foreldra þegar þau liggja fyrir.
 - Kleppjárnsreykjadeild hefur fengið leyfi til Grænfánaflöggunar 31. maí og verður viðburðurinn tengdur vorhátíð.
 - Sérstöðu- og starfskynningardagar eru í lok maí í K- og V- deild.
 - Árshátíð H- deildar verður í maí og áætlað er að hafa hana í skjólbeltunum.
 - Námsmat upp úr miðjum maí.
2. Mál- Samþykkt skóladagatala
Farið var yfir skóladagatal næsta skólaárs og það samþykkt samhljóða
3. Farið yfir starfsmannþörf næsta vetrar.
Ekki eru stórvægilegar breytingar fyrir séðar en ljóst er að Dórothea og Snæbjörn munu hætta störfum. Auglýst hefur verið staða sérkennara á Varmalandi.
Steinunn Einarsdóttir aðstoðarmatráður í K-deild verður ekki áfram og verður auglýst í hennar stöðu fljótlega. Sigfús Jónsson skólaliði mun hætta störfum.
4. Mál- Vinna við heilsu- og forvarnarstefnu ásamt móttöku- og forvarnaráætlun skólans.
Ingibjörg gerði grein fyrir þeirri vinnu sem á sér stað í þróunarhópum skólans. Unnið hefur verið að þessum málaflokkum í vetur og verða áætlanir birtar á vef skólans undir skólanámskrá þegar þeim verður lokið.

5. Foreldrafélag

Ingibjörg gerði grein fyrir því að stjórn foreldrafélags GBF hefur verið að koma saman og vinna að verkáætlun næsta skólaárs, ásamt lögum félagsins og ýmsu er tengist því að virkja foreldra til þátttöku og ábyrgðar. Áætlað er að fulltrúar félagsins verði með kynningu á skólasetningu að hausti þar munu þeir upplýsa foreldra um verklag og hlutverk foreldrafélagsins.

Þeir sem skipa stjórn eru: Elínborg Sturludóttir fyrir Varmalandsdeild, Arnar Hólmarsson fyrir Kleppjárnsreykjadeild og Pétur Davíðsson fyrir Hvanneyrardeild.

Mikill hugur er í þeim að hleypa lífi í foreldrafélagið og væntum við góðs af áhuga þeirra og starfi.

6. Menntaþing.

Kynnt var fyrir skólaráðsfulltrúum Menntaþing sem áætlað er að halda í Hjálmakletti föstudaginn 19. apríl. Þar sem markmið þingsins er að starfsmenn allra skólastofnanna í Borgarbyggð ásamt fulltrúum í skólaráðum og foreldrafélögum koma saman til að velta fyrir sér leiðum til samstarfs og einnig kynna fyrir þinggestum það mikla og öflugla skólastarf sem fram fer í Borgarbyggð.

Skólaráðsfulltrúar eru hvattir til að mæta.

7. Önnur mál

Nokkuð var rætt um árshátíð K deildar og vildu foreldrafulltrúar koma því á framfæri að þeim þætti að framlag unglingsdeildar ætti að vera meira, jafnvel skipta upp hátíðinni þannig að 8. - 10. bekkur væri með sér hátíð. Með því móti væri hægt að vera með meira krefjandi verkefni fyrir eldri nemendur.

Lagðar hafa verið fyrir foreldra, nemenda og starfsmannakannanir í skólapúlsinum.

Vandlega verður farið yfir niðurstöður þeirra í skólanum þegar þær verða birtar og gerðar umbótaáætlanir um það sem betur má fara.

Niðurstöður verða birtar í sjálfsmatsskýrslu skólans eins og aðrar kannanir sem lagðar eru fyrir til að meta innra starfs skólans.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.